



Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf.

Verður haldinn fimmtudaginn 20. mars 2025 í Safnahúsinu, Neskaupstað, kl. 14:00.

Fundurinn verður einnig haldinn með rafrænum hætti og verður hluthöfum þannig jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Lumi AGM án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað.

Dagskrá fundarins er með eftirfarandi hætti:

- | | |
|--|---|
| 1. Skýrsla stjórnar | 6. Stjórnarkjör |
| 2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar | 7. Kjör endurskoðenda |
| 3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs | 8. Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd |
| 4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu | 9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum |
| 5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins og endurskoðunarnefndar | 10. Önnur mál, löglega fram borin |

Framboð til stjórnar:

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega um framboð til stjórnar minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, eða í síðasta lagi fyrir **kl. 14:00 þann 15. mars 2025**. Framboðum skal skila á skrifstofu Síldarvinnslunnar hf., Hafnarbraut 6 eða á netfangið fjarfestir@svn.is. Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

Stjórnarkjör fer fram samkvæmt meirihluta-kosningu á milli einstaklinga, nema réttmæt krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum er ráða minnst 1/10 hlutafjárins. Krafa þess efnis skal hafa borist stjórn félagsins fyrir **kl. 14:00 laugardaginn 15. mars 2025** á tölvupóstfangið fjarfestir@svn.is.

Nánari upplýsingar um fundarsókn og atkvæðagreiðslu:

Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í Safnahúsinu eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM eða á fundinum sjálfum.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð fer fram tveimur dögum eftir viðskiptin og því er mælt til þess að síðasti viðskiptadagur sé þann 18. mars 2025, vilji hluthafi beita réttindum sínum á fundinum. Hluthafar geta látið

umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig tímanlega á vefsíðunni

<https://www.lumiconnect.com/meeting/svnagm2025>

eigi síðar en kl. 16.00 þann 19. mars 2025, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá fundarins og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir **kl. 14:00 þann 10. mars 2025**. Slík erindi skulu send á tölvupóstfangið fjarfestir@svn.is og munu þau verða birt á vefsíðu félagsins. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögu fyrir þann tíma verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn. Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins.

Allar nánari upplýsingar um hluthafafundinn má finna á vefsíðu félagsins
<https://svn.is/fjarfestar/>

Stjórn Síldarvinnslunnar hf.